c.1180C>A	c.C1180A	L394I
c.1181T>A	c.T1181A	L394Q
c.1181T>C	c.T1181C	L394P
c.1181T>G	c.T1181G	L394R
c.1183G>C	c.G1183C	G395R
c.1184G>A	c.G1184A	G395E
c.1184G>C	c.G1184C	G395A
c.1186T>A	c.T1186A	F396I
c.1186T>G	c.T1186G	F396V
c.1187T>G	c.T1187G	F396C
c.1188C>G	c.C1188G	F396L
c.1189T>A	c.T1189A	Y397N
c.1189T>C	c.T1189C	Y397H
c.1190A>C	c.A1190C	Y397S
c.1190A>G	c.A1190G	Y397C
c.1190A>T	c.A1190T	Y397F

Tafla 2: Tafla yfir móttækileika fyrir Galafold (mígalastat)

Breyting á kirni	Breyting á kirni	Breyting á próteinröð
c.1192G>A	c.G1192A	E398K
c.1192G>C	c.G1192C	E398Q
c.1193A>G	c.A1193G	E398G
c.1195T>A	c.T1195A	W399R
c.1195T>G	c.T1195G	W399G
c.1198A>C	c.A1198C	T400P
c.1198A>G	c.A1198G	T400A
c.1198A>T	c.A1198T	T400S
c.1199C>A	c.C1199A	T400N
c.1199C>T	c.C1199T	T400I
c.1201T>A	c.T1201A	S401T
c.1201T>G	c.T1201G	S401A
c.1202_1203insGACTTC	c.1202_1203insGACTTC	p.T400_S401dup
c.1202C>T	c.C1202T	S401L
c.1204A>G	c.A1204G	R402G
c.1204A>T	c.A1204T	R402W
c.1205G>C	c.G1205C	R402T
c.1205G>T	c.G1205T	R402M
c.1206G>C	c.G1206C	R402S
c.1207T>G	c.T1207G	L403V
c.1208T>C	c.T1208C	L403S
c.1209A>T	c.A1209T	L403F
c.1210A>G	c.A1210G	R404G
c.1211G>A	c.G1211A	R404K
c.1211G>C	c.G1211C	R404T
c.1211G>T	c.G1211T	R404I
c.1212A>T	c.A1212T	R404S
c.1213A>G	c.A1213G	S405G
c.1216C>G	c.C1216G	H406D
c.1217A>T	c.A1217T	H406L
c.1218C>G	c.C1218G	H406Q
c.1219A>T	c.A1219T	I407L
c.1220T>C	c.T1220C	I407T
c.1221A>G	c.A1221G	I407M
c.1222A>C	c.A1222C	N408H
c.1222A>G	c.A1222G	N408D
c.1222A>T	c.A1222T	N408Y
c.1223A>C	c.A1223C	N408T
c.1225C>A	c.C1225A	P409T
c.1225C>G	c.C1225G	P409A
c.1225C>T	c.C1225T	P409S
c.1226C>T	c.C1226T	P409L
c.1228A>G	c.A1228G	T410A
c.1228A>T	c.A1228T	T410S
c.1229C>T	c.C1229T	T410I
c.1231G>A	c.G1231A	G411S
c.1231G>T	c.G1231T	G411C
c.1232G>A	c.G1232A	G411D

Tafla 2: Tafla yfir móttækileika fyrir Galafold (mígalastat)

Breyting á kirni	Breyting á kirni	Breyting á próteinröð
c.1232G>C	c.G1232C	G411A
c.1232G>T	c.G1232T	G411V
c.1234A>C	c.A1234C	T412P
c.1234A>G	c.A1234G	T412A
c.1234A>T	c.A1234T	T412S
c.1235C>A	c.C1235A	T412N
c.1235C>T	c.C1235T	T412I
c.1237G>A	c.G1237A	V413I
c.1237G>T	c.G1237T	V413F
c.1238T>G	c.T1238G	V413G
c.1240T>G	c.T1240G	L414V
c.1242G>C	c.G1242C	L414F
c.1243C>A	c.C1243A	L415I
c.1244T>A	c.T1244A	L415H
c.1246C>G	c.C1246G	Q416E
c.1247A>T	c.A1247T	Q416L
c.1248G>C	c.G1248C	Q416H
c.1249C>A	c.C1249A	L417I
c.1252G>A	c.G1252A	E418K
c.1252G>C	c.G1252C	E418Q
c.1253A>C	c.A1253C	E418A
c.1253A>G	c.A1253G	E418G
c.1254A>T	c.A1254T	E418D
c.1255A>G	c.A1255G	N419D
c.1255A>T	c.A1255T	N419Y
c.1256A>C	c.A1256C	N419T
c.1256A>G	c.A1256G	N419S
c.1256A>T	c.A1256T	N419I
c.1258A>C	c.A1258C	T420P
c.1258A>T	c.A1258T	T420S
c.1259C>A	c.C1259A	T420K
c.1259C>G	c.C1259G	T420R
c.1261A>G	c.A1261G	M421V
c.1261A>T	c.A1261T	M421L
c.1262T>A	c.T1262A	M421K
c.1262T>C	c.T1262C	M421T
c.1262T>G	c.T1262G	M421R
c.1263G>C	c.G1263C	M421I
c.1265A>C	c.A1265C	Q422P
c.1267A>T	c.A1267T	M423L
c.1268T>A	c.T1268A	M423K
c.1268T>C	c.T1268C	M423T
c.1269G>C	c.G1269C	M423I
c.1271C>T	c.C1271T	S424L
c.1275A>C	c.A1275C	L425F
c.1279G>A	c.G1279A	D427N
c.1286T>G	c.T1286G	L429R

Lyfhrif

Meðferð með Galafold í fasa 2 rannsóknum á lyfhrifum olli almennri aukningu á virkni innræns α -Gal A í hvítum blóðkornum sem og í húð og nýrum hjá meirihluta sjúklinga. Hjá sjúklingum með móttækilegar stökkbreytingar var tilhneiging til lækkunar á magni GL-3 í þvagi og millivefsháræðum í nýrum.

Verkun og öryggi

Klínísk verkun og öryggi Galafold hefur verið metið í tveimur fasa 3 klínískum lykilrannsóknum og í tveimur opnum klínískum framhaldsrannsóknum (OLE). Allir sjúklingar fengu ráðlagða skammtinn 123 mg af Galafold annan hvern dag.

Fyrri fasa 3 klínísk rannsóknin (ATTRACT) var slembiröðuð, opin rannsókn með virkum samanburði þar sem lagt var mat á verkun og öryggi Galafold samanborið við ensímuppþótarmeðferð (ERT) (agalsíðasi beta, agalsíðasi alfa) hjá 52 körlum og konum með Fabry-sjúkdóm sem fengu ensímuppþótarmeðferð áður en klíníska rannsóknin hófst og eru með móttækilegar stökkbreytingar (klínísk rannsókn á sjúklingum með reynslu af ensímuppþótarmeðferð). Klíníska rannsóknin var gerð á tveimur tímabilum. Á fyrra tímabilinu (18 mánuðum) var sjúklingum með reynslu af ensímuppþótarmeðferð slembiraðað til að skipta úr ERT yfir í Galafold eða halda áfram á ERT. Seinna tímabilið var valfrjáls 12 mánaða opin framlenging þar sem allir þátttakendur fengu Galafold.

Seinni fasa 3 klíníska rannsóknin (FACETS) var 6 mánaða slembiröðuð, tvíblind samanburðarrannsókn með lyfleysu (í 6 mánuði) með 18 mánaða opnu tímabili til að meta verkun og öryggi Galafold hjá 50 karl- og kvenkyns sjúklingum með Fabry-sjúkdóm sem höfðu ekki fengið ERT áður eða höfðu áður fengið ERT og höfðu hætt að nota það í a.m.k. 6 mánuði og eru með móttækilegar stökkbreytingar (rannsókn hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ensímuppþótarmeðferð (ERT-naíve rannsókn)).

Fyrri klíníska OLE-rannsóknin (AT1001-041) náði til sjúklinga úr fasa 2 og fasa 3 rannsóknum og er nú lokið. Meðalútsetning við markaðssettan skammt af migalastat 123 mg fjórum sinnum á dag hjá sjúklingum sem höfðu lokið þátttöku í rannsókninni AT1001-041 var 3,57 (\pm 1,23) ár (n = 85). Hámarksútsetning var 5,6 ár.

Seinni klíníska OLE-rannsóknin (AT1001-042) nær til sjúklinga sem annað hvort höfðu verið færðir úr OLE AT1001-041 rannsókninni eða beint úr fasa 3 ATTRACT-rannsókninni. Meðalútsetning við markaðssettan skammt af Galafold 123 mg fjórum sinnum á dag hjá sjúklingum í rannsókninni var 32,3 (\pm 12,3) mánuðir (n=82). Hámarks útsetning var 51,9 mánuðir.

Nýrnastarfsemi

Í klínísku rannsókninni hjá sjúklingum með reynslu af ensímuppþótarmeðferð hélst nýrnastarfsemi stöðug í allt að 18 mánuði meðan á meðferð með Galafold stóð. Meðalgildi hlutfallslegrar breytingar á ársgrundvelli fyrir $eGFR_{CKD-EPI}$ var -0,40 ml/mín./1,73 m² (95% CI: -2,272, 1,478; n=34) í Galafold hópnum samanborið við -1,03 ml/mín./1,73 m² (95% CI: -3,636, 1,575; n=18) í ERT-hópnum. Meðalgildi hlutfallslegrar breytingar á ársgrundvelli frá grunnildi í $eGFR_{CKD-EPI}$ hjá sjúklingum sem fengu 30 mánaða meðferð með Galafold var -1,72 ml/mín./1,73 m² (95% CI: -2,653, -0,782; n=31).

Í klínísku rannsókninni hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ensímuppþótarmeðferð (ERT-naíve) og opinni framhaldsrannsókn hélst nýrnastarfsemi stöðug meðan á allt að 5 ára meðferð með Galafold stóð. Meðalgildi hlutfallslegrar breytingar á ársgrundvelli fyrir $eGFR_{CKD-EPI}$ var -0,74 ml/mín./1,73 m² (95% CI: -1,89, 0,40; n=41) eftir að meðaltali 3,4 ára meðferð. Enginn klínískt marktækur munur kom fram á fyrsta 6 mánaða samanburðartímabilinu með lyfleysu.

Upplýsingar fyrir breytingar á ársgrundvelli frá $eGFR_{CKD-EPI}$ voru teknar saman fyrir þátttakendur sem ekki höfðu fengið ensímuppþótarmeðferð (ERT-naíve) og þátttakendur sem fengið höfðu slíka

meðferð með móttækilegar stökkbreytingar; niðurstöður sýndu varanlega stöðugleika nýrna í allt að 8,6 ár með tilliti til breytinga á ársgrundvelli. Eftir 5,2 ára meðaltíma varanlegs stöðuleika hjá þátttakendum sem ekki höfðu fengið ensímuppþótarmeðferð var meðaltíðni breytinga á ársgrundvelli frá grunnildi $-1,71 \text{ ml/mín./}1,72 \text{ m}^2$ (95% CI: $-2,83; -0,60$; $n=47$). Eftir 4,3 ára meðaltíma varanlegs stöðuleika voru þátttakendur sem áður höfðu fengið ensímuppþótarmeðferð með meðaltíðni breytinga á ársgrundvelli frá grunnildi $-1,78 \text{ ml/mín./}1,73 \text{ m}^2$ (95% CI: $-3,76; 0,20$; $n=49$).

Stöðull fyrir massa vinstri slegils (left ventricular mass index, LVMI)

Eftir 18 mánaða meðferð með Galafold í klínískri rannsókn hjá sjúklingum með reynslu af ensímuppþótarmeðferð kom fram tölfræðilega marktæk lækkun á LVMI ($p < 0,05$). Grunnildin voru $95,3 \text{ g/m}^2$ fyrir Galafold hlutann og $92,9 \text{ g/m}^2$ fyrir ERT hlutann og meðalbreyting frá grunnildi í LVMI í 18. mánuði var $-6,6$ (95% CI: $-11,0, -2,1$; $n=31$) fyrir Galafold og $-2,0$ (95% CI: $-11,0, 7,0$; $n=13$) fyrir ERT. Breytingin á LVMI (g/m^2) frá grunnildi að 18. mánuði hjá sjúklingum með þykkun vinstri slegils (konum með LVMI $> 95 \text{ g/m}^2$ við grunnildi og körlum með LVMI $> 115 \text{ g/m}^2$ við grunnildi) var $-8,4$ (95% CI: $-15,7, 2,6$; $n=13$) fyrir Galafold og $4,5$ (95% CI: $-10,7, 18,4$; $n=5$) fyrir ERT. Eftir 30 mánaða meðferð með Galafold var meðalbreyting frá grunnildi LVMI $-3,8$ (95% CI: $-8,9, 1,3$; $n=28$) og meðalbreyting frá grunnildi LVMI hjá sjúklingum með þykkun vinstri slegils við grunnildi var $-10,0$ (95% CI: $-16,6, -3,3$; $n=10$).

Í klínísku rannsókninni hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ensímuppþótarmeðferð olli Galafold tölfræðilega marktækri lækkun á LVMI ($p < 0,05$); meðalbreyting á LVMI frá grunnildi í 18. til 24. mánuði var $-7,7$ (95% CI: $-15,4, -0,01$; $n=27$). Við eftirfylgni í opnu framhaldsrannsókninni var meðalbreyting frá grunnildi LVMI í 36. mánuði $-8,3$ (95% CI: $-17,1, 0,4$; $n=25$) og í 48. mánuði $-9,1$ (95% CI: $-20,3, 2,0$; $n=18$). Meðalbreyting frá grunnildi á LVMI í 18. til 24. mánuði hjá sjúklingum með stækkun vinstri slegils við grunnildi (konur með LVMI $> 95 \text{ g/m}^2$ við grunnildi og karlar með LVMI $> 115 \text{ g/m}^2$ við grunnildi) var $-18,6$ (95% CI: $-38,2, 1,0$; $n=8$). Við eftirfylgni í opnu framhaldsrannsókninni var meðalbreyting frá grunnildi á LVMI í 36. mánuði hjá sjúklingum með stækkun vinstri slegils við grunnildi $-30,0$ (95% CI: $-57,9, -2,2$; $n=4$) og í 48. mánuði $-33,1$ (95% CI: $-60,9, -5,4$; $n=4$). Enginn klínískt marktækur munur á LVMI kom fram á fyrsta 6 mánaða samanburðartímabilinu með lyfleysu.

Í eftirfylgni í opnu framhaldsrannsókninni, klínísku rannsókninni AT1001-042, sem var gerð bæði hjá þátttakendum sem höfðu ekki fengið ensímuppþótarmeðferð sem og þátttakendum sem höfðu fengið ensímuppþótarmeðferð, var meðalgildi breytinga úr AT1001-042 á grunnildi LVMI $1,2 \text{ g/m}^2$ (95% CI: $-5,3; 7,7$; $n=15$) og $-5,6 \text{ g/m}^2$ (95% CI: $-28,5; 17,2$; $n=4$) í þeirri röð, fyrir sjúklinga sem fengu Galafold meðferð í 2,4 og 2,9 ár að meðaltali (allt að 4,0 og 4,3 ár í þeirri röð).

Hvarfefni sjúkdómsins

Í klínísku rannsókninni hjá sjúklingum með reynslu af ERT-meðferð jókst magn lyso-Gb₃ í plasma lítillega en helst lágt og stöðugt hjá sjúklingum með móttækilegar stökkbreytingar sem fengu Galafold meðferð í 30 mánuði rannsóknarinnar. Magn lyso-Gb₃ plasma helst einnig lágt hjá sjúklingum á ERT í allt að 18 mánuði.

Í klínísku rannsókninni hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ERT-meðferð sýndi Galafold fram á marktæka minnkun á magni lyso-Gb₃ í plasma og minni uppsöfnun GL-3 í millivefsháræðum í nýrum hjá sjúklingum með móttækilegar stökkbreytingar. Sjúklingar sem slembiraðað var til að fá Galafold á 1. stigi sýndu tölfræðilega marktæka fækkun ($\pm \text{SEM}$) á meðaltali GL-3 útfellinga í millivefsháræðum ($-0,25 \pm 0,10$; -39%) í 6. mánuði samanborið við lyfleysu ($+0,07 \pm 0,13$; $+14\%$) ($p = 0,008$). Sjúklingar sem slembiraðað var til að fá lyfleysu á 1. stigi og skiptu yfir í Galafold í 6. mánuði (2. stigi) sýndu einnig fram á tölfræðilega marktæka fækkun á GL-3 uppsöfnun í millivefsháræðum í 12. mánuði ($-0,33 \pm 0,15$; -58%) ($p=0,014$). Eigindleg minnkun á GL-3 kom fram í mörgum frumugerðum í nýrum: fætlufrumum (podocytes), milliaðafrumum (mesangial) og æðapelsfrumum í gauklum, í sömu röð, við 12 mánaða meðferð með Galafold.

Samsettar klínískar niðurstöður

Í klínísku rannsókninni hjá sjúklingum sem hafa fengið ensímuppþótarmeðferð sýndi greining á samsettri klínískri niðurstöðu sem tók til sjúkdómstilvika eða dauðsfalla sem tengdust nýrum, hjarta og heilaeðum fram á að tíðni tilvika í Galafold meðferðarhópnum var 29% samanborið við 44% í ERT-hópnum á 18 mánuðum. Tíðni tilvika hjá sjúklingum sem fengu Galafold á 30 mánuðum (32%) var sambærileg og á 18 mánaða tímabilinu.

Niðurstöður sem tilkynntar voru af sjúklingum- Matskvarði fyrir einkenni frá meltingarvegi

Í klínísku rannsókninni hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ensímuppþótarmeðferð sýndi greining á matskvarða fyrir einkenni frá meltingarvegi (Gastrointestinal Symptoms Rating Scale) fram á að meðferð með Galafold tengdist tölfræðilega marktækri ($p < 0,05$) framför samanborið við lyfleysu frá grunnildi að 6. mánuði hvað varðar niðurgang og hvað varðar bakflæði hjá sjúklingum með einkenni við grunnildi. Í opnu framhaldsrannsókninni kom fram tölfræðilega marktæk ($p < 0,05$) framför frá upphafsgildi hvað varðar niðurgang og meltingartruflanir með tilhneigingu til framfarar hvað varðar hægðatregðu.

Börn

Í rannsókn AT1001-020, 1 árs, opinni, fjölsetra, fasa 3b rannsókn án samiburðar, var öryggi, lyfjahvörf, lyfhrif og virkni meðferðar með migalastati metið hjá 21 unglíngum (á aldrinum 12 til < 18 ára sem vega ≥ 45 kg) með Fabry-sjúkdóm með móttækilegar stökkbreytingar á geninu sem kóðar α -galactosidase A (GLA). Annaðhvort höfðu þátttakendur ekki fengið ensímuppþótarmeðferð (ERT) eða höfðu hætt ensímuppþótarmeðferð a.m.k. 14 dögum fyrir skimun. Meðalfjöldi ára frá greiningu Fabry-sjúkdóms var 9,6 ($\pm 4,25$) ár.

Eftir eitt ár voru niðurstöður verkunar hjá unglíngum á sömu skömmtum og fullorðnir í samræmi við niðurstöður nýrna, hjarta og lyfhrifa sem og við niðurstöður um svörun sem tilkynntar voru af sjúklingum. Heildarmeðaltalsbreyting (SD) frá grunnlínu í eGFR var -1,6 (15,4) ml/mín/1,73 m² (n=19). Heildarmeðaltalsbreyting (SD) frá grunnlínu fyrir LVMi var -3,9 (13,5) g/m² (n=18). LVMi lækkaði hjá 10 þátttakendum og jókst hjá 8 þátttakendum, en allir þátttakendur héldust innan eðlilegra marka eftir 12 mánuði. Grunnlína lyso-Gb₃ plasma var 12,00 ng/ml og heildarmeðaltalsbreyting (SD) frá grunnlínu lyso-Gb₃ plasma var -0,06 (32,9) (n=19). Lækkun á lyso-Gb₃ í plasma frá grunnlínu kom fram hjá einstaklingum sem ekki höfðu áður fengið ensímuppþótarmeðferð (miðgildi -2,23 ng/ml, n=9) og magn hélst almennt stöðugt hjá einstaklingum sem höfðu áður fengið ensímuppþótarmeðferð (miðgildi 0,54 ng/ml, n=10). Engar eftirtektarverðar breytingar voru á niðurstöðum sem tilkynntar voru af sjúklingum.

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á Galafold hjá einum eða fleiri undirhópnum barna við meðferð á Fabry-sjúkdómi (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).ð

5.2 Lyfjahvörf

Frásög

Heildaraðgengi (AUC) fyrir stakan 150 mg skammt af migalastat hýdróklóríði til inntöku eða stakt 2 klst. innrennsli með 150 mg í bláæð var u.þ.b. 75%. Eftir stakan 150 mg skammt af migalastat hýdróklóríð lausn til inntöku náðist hámarksplasmabéttni eftir u.þ.b. 3 klst. Skammtaháð hækkun á útsetningu migalastat í plasma (AUC_{0-∞}) og C_{max} kom fram við 50 mg til 1.250 mg skammta af migalastat hýdróklóríði til inntöku hjá fullorðnum.

Migalastat hýdróklóríð sem gefið var með fituríkri máltíð, einni klukkustund fyrir fituríka eða léttu máltíð eða einni klukkustund eftir léttu máltíð, hafði í för með sér marktæka 37% til 42%

meðaltalsminnkun á heildarútsetningu migalastats ($AUC_{0-\infty}$) og 15% til 40% meðaltalsminnkun á hámarksþéttni migalastats (C_{max}) í samanburði við fastandi ástand (sjá kafla 4.2).

Samanborið við inntöku staks skammts af migalastati með vatni leiddi inntaka með kaffi, sem innihélt um það bil 190 mg af koffíni, til verulegrar minnkunar á altækri útsetningu fyrir migalastati (meðalminnkun á $AUC_{0-\infty}$ um 55% og meðalminnkun á C_{max} um 60%). Inntaka migalastats ásamt koffíni hafði ekki áhrif á frásogshraða (t_{max}) migalastats samanborið við með vatni. Engin áhrif komu fram þegar migalastat var tekið inn með náttúrulegum (súkrósa) og gervisætuenum (aspartami eða acesúlfami K)(sjá kafla 4.2 og 4.5).

Dreifing

Hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum var dreifingarrúmmál (V_z/F) migalastats eftir hækkandi staka skammta til inntöku (25 til 675 mg af migalastat hýdróklóríði) á bilinu 77 til 133 l, sem gefur til kynna að það dreifist vel inn í vefi og betur en heildarvatnsmagn líkamans (42 lítrar). Engin greinanleg próteinbinding í blóði kom fram eftir gjöf á [^{14}C]-migalastat hýdróklóríði í styrkleikanum 1 til 100 μM .

Umbrot

Samkvæmt *in vivo* upplýsingum er migalastat hvarfefni fyrir UGT og er minniháttar brotthvarfsleið. Migalastat er ekki hvarfefni fyrir P-glykóprótein (P-gp) *in vitro* og talið er ólíklegt að migalastat komi við sögu í milliverkunum sem verða fyrir tilstilli cýtókróms P450. Rannsókn á lyfjahvörfum hjá heilbrigðum karlkyns sjálfboðaliðum með 150 mg af [^{14}C] -migalastat hýdróklóríði sýndi fram á að 99% af geislamerktum skammti sem endurheimtist í plasma innihélt óbreytt migalastat (77%) og 3 vetnissvipt samtengd umbrotsefni O-glúkúróníðs, M1 til M3 (13%). Um það bil 9% af heildargeislavirkninni var óskilgreind.

Brotthvarf

Rannsókn á lyfjahvörfum hjá heilbrigðum karlkyns sjálfboðaliðum með 150 mg af [^{14}C] -migalastat hýdróklóríði sýndi fram á að u.þ.b. 77% af geislamerktum skammti endurheimtist í þvagi þar sem 55% skildust út sem óbreytt migalastat og 4% sem samsettu umbrotsefnin M1, M2 og M3. Um það bil 5% af heildar geislavirkniprófunni voru óskilgreind. Um það bil 20% af heildar geislamerkta skammtinum skildust út með hægðum, þar sem óbreytt migalastat var eini mælanlegi hlutinn.

Eftir gjöf á stökum hækkandi skömmtum til inntöku (25 til 675 mg af migalastat hýdróklóríði) kom engin tilhneiging í ljós fyrir úthreinsun, CL/F. Eftir 150 mg skammtinn var CL/F u.þ.b. 11 til 14 l/klst. Eftir gjöf á sömu skömmtum var meðalhelmingunartími brotthvarfs ($t_{1/2}$) u.þ.b. 3 til 5 klukkustundir.

Sérstakir sjúklingahópar

Sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi

Galafold hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum með Fabry-sjúkdóm sem eru með gauklasíunarhraða sem er minni en 30 ml/mín./1,73 m². Í rannsókn á stökum skömmtum af Galafold hjá sjúklingum sem ekki voru með Fabry-sjúkdóminn en með mismikið skerta nýrnastarfsemi, jókst útsetning 4,3-falt hjá sjúklingum með alvarlega skerta nýrnastarfsemi (GFR < 30 ml/mín./1,73 m²).

Sjúklingar með skerta lifrastarfsemi

Engar rannsóknir hafa verið gerðar hjá einstaklingum með skerta lifrastarfsemi. Ekki er gert ráð fyrir að skert lifrastarfsemi hafi áhrif á lyfjahvörf migalastats í gegnum umbrot og útskilnað.

Aldraðir (> 65 ára)

Klínískar rannsóknir á Galafold voru gerðar hjá fáeinum sjúklingum 65 ára og eldri. Áhrif aldurs voru metin með þýðisgreiningu á lyfjahvörfum á úthreinsun migalastats úr plasma í rannsókninni hjá sjúklingum sem ekki hafa fengið ERT-meðferð. Munurinn á úthreinsun hjá sjúklingum með Fabry-sjúkdóm ≥ 65 ára og < 65 ára var 20% sem ekki var talin hafa klíniska þýðingu.

Börn

Lyfjahvörf migalastats voru metin í 20 þátttakendum á unglingsaldri (12 til < 18 ára sem vógu ≥ 45 kg) og voru með Fabry-sjúkdóm. Þátttakendur fengu sama skammt og fullorðnir (hylki með 123 mg af migalastati annan hvern dag) í opinni rannsókn í fasa 3b (AT1001-020).

Lagt var mat á jafngildi útsetningar hjá þátttakendum á unglingsaldri (12 til < 18 ára) sem vógu ≥ 45 kg og fengu 123 mg migalastat tekið einu sinni annan hvern dag með hermilíkani með samanburði við fullorðna sem fengu sama skammt. Útsetning migalastats í plasma (AUC_{tau}) hjá unglingsum (12 til < 18 ára), sem leidd var út frá líkani (model derived), var svipuð og útsetning hjá fullorðnum.

Kyn

Ekki kom fram marktækur munur á milli lyfjahvarfafræðilegra eiginleika migalastats hjá konum og körlum, hvorki hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum né hjá sjúklingum með Fabry-sjúkdóm.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Forklínískar rannsóknir benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli rannsókna á stökum og endurteknum skömmtum, að undanskildri skammvinnri ófrjósemi hjá karlkyns rottum í tengslum við migalastat meðferðina, sem gekk að fullu til baka. Tilkynnt var um ófrjósemina sem tengdist migalastat meðferðinni við klínískt viðeigandi útsetningu. Ófrjósemin var gengin til baka að fullu 4 vikum eftir að meðferð var hætt. Svipaðar niðurstöður hafa komið fram forklínískt eftir meðferð með öðrum imínósykrum. Í rannsóknum á eiturverkunum á fósturvísi og fóstur hjá kanínum komu niðurstöður eins og dauði fósturvísis og fósturs, minnkun á meðalþyngd fósturs, hægari beinmyndun og örlítið aukin tíðni minniháttar afbrigðileika í beinagrind, eingöngu fram við skammta sem tengdust eiturverkunum á móður.

Í 104-vikna rannsókn á krabbameinsvaldandi áhrifum hjá rottum kom fram aukin tíðni kirtilæxla í briseyjum hjá karldýrum við skammt sem er 19-falt hærri en útsetning (AUC) við klínískt virkan skammt. Þetta er algengt sjálfsprottið æxli hjá karlkyns rottum sem eru fóðraðar að vild (*ad libitum*). Þar sem ekki hafa komið fram sambærilegar niðurstöður hjá kvendýrum, engar niðurstöður hafa komið fram í rannsókn á eiturverkunum á erfðaefni eða á krabbameinsvaldandi áhrifum hjá Tg.rasH2 músum og engar forstigsbreytingar brisæxlis hjá nagdýrum og öpum, er þessi niðurstaða hjá karlkyns rottum ekki talin meðferðartengd og mikilvægi hennar fyrir menn er ekki þekkt.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Innihald hylkis

Forhleypt sterkja (maís)
Magnesíumsterat

Hylkisskel

Gelatín
Títandíoxíð (E171)
Indígókarmín (E132)

Prentblek

Gljálakk
Svart járnóxíð
Kalíumhýdroxíð

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

4 ár

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Ekki þarf að geyma lyfið við sérstök hitaskilyrði. Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.

6.5 Gerð fláts og innihald

PVC / PCTFE / PVC / álpynna.
Pakkningastærð með 14 hylkjum.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Amicus Therapeutics Europe Limited
Block 1, Blanchardstown Corporate Park
Ballycoolin Road
Blanchardstown, Dublin
D15 AKK1
Írland
Sími: +353 (0) 1 588 0836
Bréfasími: +353 (0) 1 588 6851
Netfang: info@amicusrx.co.uk

8. MARKAÐSLEYFISNÚMÉR

EU/1/15/1082/001

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 26. maí 2016

Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 11. febrúar 2021

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

VIÐAUKI II

- A. **FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR
LOKASAMÞYKKT**
- B. **FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG
NOTKUN**
- C. **AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. **FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG
VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Almac Pharma Services (Ireland) Limited
Finnabair Industrial Estate
Dundalk, Co. Louth
A91 P9KD
Írland

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

- **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

- **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEÐILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA

1. HEITI LYFS

Galafold 123 mg hörð hylki
mikalastat

2. VIRK(T) EFNI

Hvert hylki inniheldur mikalastat hýdróklóríð sem jafngildir 123 mg af mikalastati.

3. HJÁLPAEFNI

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

hart hylki





14 hörð hylki

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Ekki skal neyta matar eða koffíns í a.m.k. 2 klst. fyrir og 2 klst. eftir inntöku lyfsins til að tryggja 4 klst. föstu að lágmarki. Takið lyfið á sama tíma á hverjum degi. Gleypið hylkin í heilu lagi. Hylkið má hvorki skera, mylja né tyggja. Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun. Til inntöku.

Takið Galafold hylki annan hvern dag og ýtið út rifgötuðum hring á þynnuspjaldinu þá daga sem Galafold er ekki tekið.

Leiðbeiningar um hvernig skal fjarlægja hylki



1. ÞRÝSTU á og haltu niðri fjólubláa merkinu á öskjunni og TOGAÐU út samanbrotna spjalðið til hægri (mynd 1). Flettu spjaldinu út.
2. Snúðu spjaldinu við þannig að bakhlið þess snúi upp. BEYGÐU spjalðið (mynd 2) til að auðvelda opnun rifgötunar.
3. FJARLÆGÐU ávala rifgataða pappflípan (mynd 3).
4. Snúðu spjaldinu við þannig að framhliðin snúi upp. Ýttu hylkinu út (mynd 4).

Til að nálgast fylgiseðilinn skaltu skanna kóðann.



+ www.galafoldsmpc.co.uk

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Amicus Therapeutics Europe Limited
Block 1, Blanchardstown Corporate Park
Ballycoolin Road
Blanchardstown, Dublin
D15 AKK1
Írland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMÉR

EU/1/15/1082/001

13. LOTUNÚMÉR

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

galafold 123 mg hörð hylki

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM

ÞYNNUASKJA

1. HEITI LYFS

Galafold 123 mg hörð hylki
mígalastat

2. NAFN MARKAÐSLEYFISHAFA

Amicus Therapeutics Europe Limited

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. ANNAÐ

Sjá frekari upplýsingar í fylgiseðli.

Ýtið rifgötuðu hringjunum út þá daga sem Galafold er ekki tekið.

Galafold á að taka annan hvern dag.

Upphafsdagsetning:

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM

ÁLÞYNNA

1. HEITI LYFS

2. NAFN MARKAÐSLEYFISHAFA

3. FYRNINGARDAGSETNING

4. LOTUNÚMER

Lot

5. ANNAÐ

B. FYLGISEDILL

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Galafold 123 mg hörð hylki migalastat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Galafold og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Galafold
3. Hvernig nota á Galafold
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Galafold
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Galafold og við hverju það er notað

Galafold inniheldur virka efnið migalastat.

Þetta lyf er ætlað til langtímameðferðar á Fabry-sjúkdómi hjá fullorðnum og unglíngum 12 ára og eldri sem eru með ákveðnar erfðafræðilegar stökkbreytingar.

Fabry-sjúkdómurinn er af völdum skorts eða galla á ensími sem kallast alfa-galaktósíðasi A (α -Gal A). Það fer eftir því hvers konar stökkbreyting (umskipti) hefur átt sér stað í geninu sem framleiðir α -Gal A hvort ensímið virkar ekki rétt eða er ekki til staðar. Þessi ensímgalli leiðir til óeðlilegrar uppsöfnunar á fituefni sem kallast glóbótíraosýlkeramíð (GL-3) í nýrum, hjarta og öðrum líffærum, sem veldur einkennum Fabry-sjúkdóms.

Lyfið virkar með því að auka stöðugleika ensímsins sem líkaminn framleiðir náttúrulega, til að það geti dregið frekar úr því magni GL-3 sem hefur safnast upp í frumum og vefjum.

2. Áður en byrjað er að nota Galafold

Ekki má nota Galafold

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir migalastati eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

123 mg migalastat-hylki eru ekki ætluð börnum (>12 ára) sem vega undir 45 kg.

Ráðfærðu þig við lækninn áður en þú tekur Galafold ef þú ert að taka lyf í ensímuppbótarmeðferð. Þú skalt ekki taka Galafold ef þú ert í ensímuppbótarmeðferð.

Læknirinn mun fylgjast með ástandi þínu og hvort lyfið virki á 6 mánaða fresti á meðan þú tekur Galafold. Ef ástand þitt versnar getur verið að læknirinn þurfi að meta þig frekar eða hætti meðferð þinni með Galafold.

Talaðu við lækninn áður en þú tekur Galafold ef þú ert með skerta nýrnastarfsemi þar sem ekki er mælt með notkun á Galafold hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi (GFR minni en 30 ml/mín. /1,73 m²).

Börn

Börn < 12 ára

Lyfið hefur ekki verið rannsakað hjá börnum yngri en 12 ára, því hefur ekki verið sýnt fram á öryggi og verkun hjá þessum aldurshópi.

Notkun annarra lyfja samhliða Galafold

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð. Þetta á einnig við um lyf sem fengin eru án lyfseðils, jurtalyf og fæðubótarefni.

Segðu lækninum sérstaklega frá því ef þú tekur lyf eða fæðubótarefni sem innihalda koffín, vegna þess að þau geta haft áhrif á verkun Galafold ef þau eru tekin meðan á föstu stendur.

Þekktu þau lyf sem þú tekur. Hafðu lista yfir þau og sýndu lækninum og lyfjafræðingnum listann í hvert skipti sem þú færð nýtt lyf.

Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi

Meðganga

Mjög takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun lyfsins á meðgöngu. Galafold er ekki ætlað til notkunar á meðgöngu. Við meðgöngu, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum áður en lyfið er notað.

Konur sem gætu orðið barnshafandi ættu að nota örugga getnaðarvörn meðan þær taka Galafold.

Brjóstgjöf

Þú mátt ekki taka lyfið ef þú ert með barn á brjósti fyrr en þú hefur rætt við lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn. Ekki er enn vitað hvort lyfið skilst út í brjóstamjólk. Læknirinn mun ákveða hvort hætta eigi brjóstgjöf eða stöðva tímabundið lyfjagjöfina, með því að veða ávinninginn af brjóstgjöf fyrir barnið og ávinninginn af Galafold fyrir móðurina.

Frjósemi hjá körlum

Ekki er enn vitað hvort lyfið hefur áhrif á frjósemi hjá körlum. Áhrif Galafold á frjósemi hjá mönnum hafa ekki verið rannsökuð.

Frjósemi hjá konum

Ekki er enn vitað hvort lyfið hefur áhrif á frjósemi hjá konum.

Ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Akstur og notkun véla

Ólíklegt er að lyfið hafi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.




3. Hvernig nota á Galafold

Notið lyfið alltaf eins og lækurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.


Takið eitt hylki annan hvern dag á sama tíma á hverjum degi. Ekki má taka Galafold tvo daga í röð. Ekki neyta matar eða koffíns í a.m.k. 2 klst. fyrir og 2 klst. eftir inntöku lyfsins. Nauðsynlegt er að fasta í að minnsta kosti 4 klst. í kringum lyfjatökuna svo lyfið geti frásogast að fullu.

Neyta má vatns (kranavatns, með bragði, með sætu), ávaxtasafa án aldinkjöts og koffínlausra kolsýrðra drykkja á þessu 4 klukkustunda tímabili sem fastað er.

Gleypið hylkið í heilu lagi. Hylkið má hvorki skera, mylja né tyggja.

<p>Mynd A</p> 	<p>Skref 1: Fjarlægðu líminnsiglið sem er á lokinu. Lyftu lokinu upp á Galafold öskjunni (sjá mynd A).</p>
<p>Mynd B – Opin askja</p> 	<p>Skref 2: Þrýstu á og haltu <u>áfram að halda niðri fjólubláa merkinu með þumalfingri vinstra megin á öskjunni</u> (sjá mynd B) og haltu áfram í skref 3.</p>
<p>Mynd C</p> 	<p>Skref 3: Núna skaltu GRÍPA um <u>flipann hægra megin</u> þar sem stendur TOGAÐU ÚT HÉR og togaðu út samanbrotna þynnuspjaldið (sjá mynd C).</p>

Mynd D – Framhliðin á þynnuspjaldinu



Skref 4: Flettu út þynnuspjaldinu (sjá mynd D).


Að taka inn Galafold hylki:

Á hverju Galafold þynnuspjaldi eru 14 hörð hylki (28 daga meðferð með Galafold) og 14 hvítir rifgataðir hringir.


Hvítu rifgötuðu hringirnir eru til að minna þig á að taka Galafold **annan hvern** dag.

Örin vísar sjúklingnum á að hefja næstu 2 vikur meðferðarinnar.

Mynd E – Framhliðin á þynnuspjaldinu




Mynd F – Framhliðin á þynnuspjaldinu



Skref 5: Fyrsta daginn sem þú tekur lyfið úr nýju þynnuspjaldi skaltu skrá dagsetninguna á þynnuspjaldið. (sjá mynd F).

Mynd G – Bakhliðin á þynnuspjaldinu



Skref 6: SNÚÐU spjaldinu við þannig að bakhliðin snúi upp.

FINNDU hylki til að fjarlægja.

BEYGÐU spjalðið eins og sýnt er (sjá mynd G).

Ath: Auðveldara er að opna ávala rifgataða pappflipann á þynnuspjaldinu með því að beygja spjalðið.


Mynd H – Bakhliðin á þynnuspjaldinu



Skref 7: FJARLÆGÐU ávala rifgataða pappflipann (sjá mynd H).

Ath: Eftir að pappflipinn hefur verið fjarlægður getur hvít bakhlið álþynnunnar komið í ljós, sem er í lagi.


Mynd I – Framhliðin á þynnuspjaldinu



Skref 8: SNÚÐU spjaldinu við þannig að framhliðin snúi upp.

ÝTTU hylkinu út (sjá mynd I).

Mynd J – Framhliðin á þynnuspjaldinu



Skref 9: Næsta dag skaltu fara yfir á rifgataða hvíta hringinn í efstu röðinni á spjaldinu merktur sem Dagur 2. Ýttu á hvíta hringinn og fjarlægðu hann (sjá mynd J).

Ath: Með því að fjarlægja þennan hvíta hring er auðveldara að muna hvaða dag þú átt ekki að taka lyfið.


Taktu 1 Galafold hylki **annan hvern** dag.

Lokaðu öskjunni og geymdu hana eftir hverja notkun.

Eftir dag 2 skaltu fara yfir á dag 3 á þynnuspjaldinu.

Þú skalt til skiptis taka hylki eða ýta út hvítum hring á þynnunni þar til 28 daga meðferð er lokið.

Mynd K – Framhliðin á opnaða þynnuspjaldinu



Ef tekinn er stærri skammtur af Galafold en mælt er fyrir um

Ef þú tekur fleiri hylki en mælt var fyrir um skaltu hætta að taka lyfið og hafa samband við lækinn. Þú gætir fundið fyrir höfuðverk og sundli.

Ef gleymist að taka Galafold

Ef gleymist að taka hylkið á venjulegum tíma en munað er eftir því síðar um daginn, skal aðeins taka hylkið ef það er innan 12 klst. frá venjulegum skammtatíma. Ef meira en 12 klst. eru liðnar ættir þú að halda áfram að taka Galafold á næsta fyrirhuguðum skammtadegi og -tíma í samræmi við skammta annan hvern dag. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

Ef hætt er að nota Galafold

Ekki má hætta að taka lyfið án samráðs við lækinn.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Mjög algengar: geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum

- Höfuðverkur

Algengar: geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum

- Hjartsláttarónot (tilfinning um hraðan eða óreglulegan hjartslátt)
- Snúningstilfinning (svimi)
- Niðurgangur
- Ógleði (velgja)
- Magaverkur
- Hægðatregða
- Munnþurrkur
- Skyndileg hægðapörf
- Meltingartregða (meltingartruflun)
- Preyta
- Aukið magn kreatínkínasa í blóðprufum
- Þyngdaraukning
- Vöðvakrampar
- Vöðvaverkir (vöðvaþrautir)
- Aumur, stífur háls (hálssveigur)
- Náladofi í útlimum (tilfinningaglöp)
- Sundl
- Minnkað snertiskyn eða tilfinning (tilfinningavannæmi)
- Þunglyndi
- Prótein í þvagini (prótínmiga)
- Mæði (andnauð)
- Blóðnasir
- Útbrot
- Viðvarandi kláði
- Verkir

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá Appendix V. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Galafold

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og þynnunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki þarf að geyma lyfið við sérstök hitaskilyrði. Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Galafold inniheldur

- Virka innihaldsefnið er migalastat. Hvert hylki inniheldur migalastat hýdróklóríð sem jafngildir 123 mg af migalastati
- Önnur innihaldsefni eru:
Innihald hylkis: Forhleypt sterkja (maís) og magnesíumsterat
Hylkisskel: Gelatín, títandíoxíð (E171) og indígókarmín (E132)
Prentblek: Gljálakk, svart járnoxíð og kalíumhýdroxíð

Lýsing á útliti Galafold og pakkningastærðir

Ógegnisæ, blá og hvít hörð hylki, merkt með álettruðu „A1001“ með svörtu bleki, hörð hylki af stærð 2 (6,4x18,0 mm) sem innihalda hvítt til ljósbrúnt duft.

Galafold er fánlegt í þynnupakkingu sem inniheldur 14 hylki.

Markaðsleyfishafi

Amicus Therapeutics Europe Limited
Block 1, Blanchardstown Corporate Park
Ballycoolin Road
Blanchardstown, Dublin
D15 AKK1
Írland
Sími: +353 (0) 1 588 0836
Bréfasími: +353 (0) 1 588 6851
Netfang: info@amicusrx.co.uk

Framleiðandi

Almac Pharma Services (Ireland) Limited
Finnabair Industrial Estate
Dundalk, Co. Louth
A91 P9KD
Írland

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið (ef þú nærð ekki í Amicus fulltrúa þinn í síma skaltu hafa samband á netfangið hér fyrir neðan):

België/Belgique/Belgien

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tél/Tel: (+32) 0800 89172
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Lietuva

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel: (+370) 8800 33167
El. paštas: MedInfo@amicusrx.com

България

Amicus Therapeutics Europe Limited
Тел.: (+359) 00800 111 3214
имейл: MedInfo@amicusrx.com

Luxembourg/Luxemburg

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tél/Tel: (+352) 800 27003
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Česká republika

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel.: (+420) 800 142 207
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Magyarország

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel.: (+36) 06 800 21202
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Danmark

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tlf.: (+45) 80 253 262
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Malta

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel: (+356) 800 62674
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Deutschland

Amicus Therapeutics GmbH
Tel: (+49) 0800 000 2038
E-Mail: MedInfo@amicusrx.com

Nederland

Amicus Therapeutics BV
Tel: (+31) 0800 022 8399
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Eesti

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel: (+372) 800 0111 911
e-post: MedInfo@amicusrx.com

Norge

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tlf: (+47) 800 13837
e-post: MedInfo@amicusrx.com

Ελλάδα

Amicus Therapeutics Europe Limited
Τηλ: (+30) 00800 126 169
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

España

Amicus Therapeutics S.L.U.
Tel: (+34) 900 941 616
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

France

Amicus Therapeutics SAS
Tél: (+33) 0 800 906 788
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Hrvatska

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel: (+385) 0800 222 452
e-pošta: MedInfo@amicusrx.com

Ireland

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel: (+353) 1800 936 230
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Ísland

Amicus Therapeutics Europe Limited
Sími: (+354) 800 7634
Netfang: MedInfo@amicusrx.com

Italia

Amicus Therapeutics S.r.l.
Tel: (+39) 800 795 572
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Κύπρος

Amicus Therapeutics Europe Limited
Τηλ: (+357) 800 97595
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Latvija

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel: (+371) 800 05391
e-pasts: MedInfo@amicusrx.com

Österreich

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel: (+43) 0800 909 639
E-Mail: MedInfo@amicusrx.com

Polska

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel.: (+48) 0080 012 15475
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Portugal

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel: (+351) 800 812 531
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

România

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel.: (+40) 0808 034 288
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Slovenija

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel.: (+386) 0800 81794
e-pošta: MedInfo@amicusrx.com

Slovenská republika

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tel: (+421) 0800 002 437
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Suomi/Finland

Amicus Therapeutics Europe Limited
Puh/Tel: (+358) 0800 917 780
sähköposti/e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Sverige

Amicus Therapeutics Europe Limited
Tfn: (+46) 020 795 493
e-post: MedInfo@amicusrx.com

United Kingdom (Northern Ireland)

Amicus Therapeutics, UK Limited
Tel: (+44) 08 0823 46864
e-mail: MedInfo@amicusrx.com

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður**Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar**

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>. Þar eru líka tenglar á aðra vefi um sjaldgæfa sjúkdóma og lyf við þeim.